

Bjarni Jónsson og upphaf heilaskurðlækninga á Íslandi

Myndin er af Bjarna Jónssyni yfirlækni og prófessor E. Busch yfirlækni ásamt aðstoðarfólki, við höfuðaðgerð á taugahandlækningadeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn en þar var Bjarni á ársstyrk frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni frá október 1956 til ágúst 1957 að kynna sér meðferð höfuðslysa. Uppsetningin í aðgerðinni er klassísk en búið er að opna inn á höfuð sjúklingsins. Smátæki og tól virðast ekki mikið frábrugðin því sem má sjá enn í dag en stærri tæki, svo sem skurðsmásjá og CUSA-sogtæki, eru ekki til staðar.

Forsaga þessa máls er að um langan aldur höfðu íslenskir sjúklingar verið sendir á Ríkisspítalann í rannsóknir og aðgerðir vegna sjúkdóma í höfði og mænu. Ferðir til Hafnar voru þess vegna tíðar, jafnvel vikulegar. Sér íbúð var til reiðu fyrir sjúklinga og aðstandendur. Íslenska ríkið veitti prófessor Busch (1899-1982) sérstaka viðurkenningu fyrir fórnfúst starf í þágu Íslendinga.

Höfuðslysum var hins vegar sinnt hér heima, fyrst og fremst á Landakotsspítala en einnig á hinum spítölunum. Þar komu þeir Bjarni Oddsson (1907-1953) og nafni hans Bjarni Jónsson (1909-2009) mest við sögu. Sá fyrrnefndi hafði unnið á Taugahandlækningadeild Ríkisspítalans í tvígang á árunum 1942-1944. Doktorsritgerð hans fjallaði um „spinal meningioma“ en sérfræðingsviðurkenning hans var þó í handlækningum og kvensjúkdómum og fæðingarhjálp. Á Landakotsspítala starfaði hann



frá 1946-1953 að handlækningum, meðal annars ýmsum aðgerðum á höfði.

Bjarni Jónsson var sérfræðingur í bæklunarsjúkdómum og doktorsritgerð hans fjallaði um hryggspenningar vegna hryggsekkju. Hann var yfirlæknir á Landakotsspítala 1959-1979. Bjarni sinnti höfuðáverkum hér á landi allt þar til heila- og taugaskurðlækningar hófust á Borgarspítalanum haustið 1971. Þess má geta að Bjarni var árið 1998 gerður að heiðursfélaga Heila- og taugaskurðlæknafélags Íslands, ásamt Friðriki Einarssyni, yfirlækni.

Kristinn R. Guðmundsson
frv. yfirlæknir